


LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 34. STARFSÁR

Hallgrímskirkja

Sálmafoss 2016

Á Menningarnótt, laugardaginn 20. ágúst klukkan 15 - 21



DAGSKRÁ

15.00 Sálmasöngur - allir syngja með – Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju leiðir sálmasöng.

15.15 Schola cantorum flytur kirkjutónlist frá ýmsum tímum m.a. verk sem prýða nýjan geisladisk þeirra “Meditatio”. Einsöngvarar úr kórnum syngja einsöng, Thelma Hrönn Sigurþórsdóttir sópran (Ave María e. Sigvalda Kaldalóns), Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran (Pie Jesu úr Fauré Requiem) og Lilja Dögg Gunnarsdóttir alt (Magnificat e. Hreiðar Inga). Björn Steinar Sólbergsson leikur undir á Klaisorgel Hallgrímskirkju



16.00 Sálmasöngur - allir syngja með Kammerkór Seltjarnarneskirkju leiðir sönginn undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar

16.15 Einsöngvarar og Kammerkór Seltjarnarneskirkju syngja fjölbreytta efnisskrá undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar, sem einnig leikur á Klaisorgelið. Atli Guðlaugsson leikur á trompet og Sigríður Hjördís Indriðadóttir á piccoloflautu.

17.00 Sálmasöngur - allir syngja með – undir stjórn Steingríms Þórhallssonar.



17.15 Hallveig Rúnarsdóttir sópran syngur með Steingrími Þórhallssyni, sem einnig leikur á Klaisorgelið.

18.00 Sálmásöngur - allir syngja með – Hljómfélagið, blandaður kór undir stjórn Fjólú Kristínar Nikulásdóttur leiðir sönginn.

18.15 Hljómfélagið flytur sálma og veraldleg lög. Stjórnandi er Fjólá Kristín Nikulásdóttir

18.30 Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju flytur fjölbreytta orgeltónlist á Klaisorgel Hallgrímskirkju

19.00 Einsöngur og orgelspuni
Óskar Pétursson tenór frá Akureyri ásamt Jónasi Þóri organista Bústaðakirkju, sem einnig leikur af fingrum fram á Klaisorgelið yfir sálma og þjóðlög

19.45 Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju leikur

20.00 Rafmagnaður Klais! Raftónskáld flytja nýstárlega tónlist, þ.s. tölur leika á orgelið! Umsjón hafa Áki Ásgeirsson, Guðmundur Vignir Karlsson og Gunnar Andreas Kristinsson.



1. Mikli Drottinn

Mikl - i Drott - inn, dýrð sé þér,
dá - semd þína' um ald - a - rað - ir
á - samt þín - um engl - a - her
all - ir lof - a vilj - um glað - ir,
fall - a þín - a fót - skör á,
fað - ir þín - a dýrð að sjá.


2. Lát þitt ríki lýsa vítt / löndin yfir frið að veita, /
láttu fæðast lífið nýtt, / ljós þitt vorum hjörtum breyta, /
láttu yfir lönd og höf / ljóma þína sigurgjöf.

3. Helgur andi, heiður þér / hver ein tunga' á jörðu færi. /
Faðir, Guð, vér þökkum þér, / þér og Jesús, bróðir kæri. /
Ástar þinnar eilíft ljós / oss sé blessun, vörn og hrós.

**Grosser Gott, wir loben dich, / Herr, wir preisen deine Stärke, /
Vor dir beugt die Erde sich / Und bewundert deine Werke. /
Wie du warst vor aller Zeit, / So bleibst du in Ewigkeit.**

**Holy God, we praise Thy name; / Lord of all, we bow before Thee! /
All on earth Thy scepter claim, / All in Heaven above adore Thee; /
Infinite Thy vast domain, / Everlasting is Thy reign.**

2. Líður að dögum



Líð - ur að dög - un, létt - ir af þok - u,
ljóð - in sín kveð - a fugl - ar af snilld.
Söng - inn og dag - inn, Drott - inn ég þakk - a,
dýr - legt er orð þitt, lind sönn og mild.


1. Líður að dögum, léttir af þoku, / ljóðin sín kveða fuglar af snilld. /
Sönginn og daginn, Drottinn, ég þakka, / dýrlegt er orð þitt, lind sönn og mild.
2. Verðandi morgunn, vindur og sunna. / Vanga minn strýkur náðin þín blíð. /
Grasið og fjöllin, Guð minn, ég þakka, / geislar þín sköpun, nú er mín tíð.
3. Risinn til lífsins, lausnarinn Jesús, / leið sinni beinir, hvert sem ég fer. /
Indæl er jörðin, eilíf er vonin, / allt skal að nýju fæðast í þér.

3. Er ég leitaði vinar

Er ég leit - að - i vin - ar, varst - u þar, varst - u þar, er ég leit - að - i vin - ar, varst - u þar?
Og þitt nafn eð - a lit - ur eð - a þjóð skipt - ir eng - u, varst - u þar?

1. Er ég leitaði vinar, varstu þar, / varstu þar? /
Er ég leitaði vinar, varstu þar? /
Og þitt nafn eða litur eða þjóð /skiptir engu, varstu þar?
2. Ég var svangur og þyrstur, varstu þar, / varstu þar? /
Ég var svangur og þyrstur, varstu þar? /
Og þitt nafn eða litur eða þjóð /skiptir engu, varstu þar?
3. Ég var kaldur og klæðlaus, varstu þar, / varstu þar? /
Ég var svangur og klæðlaus, varstu þar? /
Og þitt nafn eða litur eða þjóð /skiptir engu, varstu þar?
4. Er ég þarfnaðist hjálpar, varstu þar, / varstu þar? /
Er ég leitaði vinar, varstu þar? /
Og þitt nafn eða litur eða þjóð /skiptir engu, varstu þar?
5. Hvar sem ferðu um heiminn, ég er þar, / ég er þar. /
Hvar sem ferðu um heiminn, ég er þar. /
Og þitt nafn eða litur eða þjóð /skiptir engu, ég er þar!

4. Megi gæfan þig geyma



Meg-i gæf - an þig geym - a,___ meg-i Guð þér fær - a sig - ur - lag. ___ Meg-i
sól lýs - a þín - a leið, ___ meg-i ljós þitt skín - a sér - hvern dag. ___ Og
bæn - ar bið ég þér, ___ að á - vallt geym - i ___ þig Guð ___ í hend - i sér.

1. Megi gæfan þig geyma, / megi Guð þér færa sigurlag. /
megi sól lýsa þína leið, / megi ljós þitt skína sérhvern dag. /
Og bænar bið ég þér, / að ávallt geymi / þig Guð í hendi sér.

5. Þótt líkaminn falli að foldu

Am Em/G Fmaj7
Þótt lík - am - inn fall - i að fold - u og

Em/G Fmaj7 Em Am Em/G
fel - ist sem strá - ið í mold - u, þá megn - ar Guðs misk - unn - ar -

Fmaj7 Em/G Fmaj7 Am
kraft - ur af mold - um að vekj - a hann aft - ur.

1. Þótt líkaminn falli að foldu / og felist sem stráíð í moldu, /
þá megnar Guðs miskunnarkraftur / af moldum að vekja hann aftur.

2. Sá andi, sem áður þar gisti / frá eilífum frelsara, Kristi, /
mun, leystur úr læðingi, bíða / þess líkams, sem englarnir skryða.

3. Og brátt mun sá konungur kalla, / sem kemur að fylla von alla. /
Hann græðir á fegurri foldu / þau fræ er hann sáði í moldu.

6. Þú, mikli Guð

Þú, mikl - i Guð, ert með oss á jörð - u,
misk - unn þín nær en geisl - i á kinn.
Eins og vér finn - um and - var - a morg - uns,
eins skynj - ar hjart - að kær - leik þinn.

1. Þú, mikli Guð, ert með oss á jörðu, / miskunn þín nær en geisli á kinn. /
Eins og vér finnum andvara morguns, / eins skynjar hjartað kærleik þinn.
2. Í dagsins iðu, götunnar glaumi, / greinum vér þig með ljós þitt og frið. /
Hvar sem ein bæn er beðin í hljóði, / beygir þú kné við mannsins hlið.
3. Hvar sem er unnið, hugur þinn starfar, / hús vor og tæki eru þín verk. /
Þú vilt vér teljum vort það, sem gefur / viskan þín rík og höndin sterk. /
4. Djúp er þín lind, sem lífgar og nærir, / lófinn þinn stór, vort eilífa hlé. /
Gjör þú oss, Kristur, Guðs sonur góði, / greinar á þínu lífsins tré.

7. Fræ í frosti sefur

Fræ í frost - i sef - ur, fönn - in ei grand - ar því.
Drott - ins vald á vor - i vek - ur það upp á ný.
Elsk - a hans gef - ur öll - u líf og skjól.
Guðs míns kær - leiks kraft - ur kom þú og ver mín sól.


1. Fræ í frosti sefur, / fönnin ei grandar því. /
Drottins vald á vori / vekur það upp á ný. /
Elska hans gefur / öllu líf og skjól. /
Guðs míns kærleiks kraftur, / kom þú og ver mín sól.

2. Drottinn dó á krossi, / dæmdur og grafinn var, /
sonur Guðs er saklaus / syndir heimsins bar. /
Móti hans elsku / magnlaus dauðinn er. /
Kristur, með þinn kærleik / kom þú og hjá oss ver.

3. Hann var hveitikornið, / heilagt lífsins sáð, /
sent til vor að veita / vöxt í ást og náð. /
Himnanna ljómi / lýsir gróf hans frá. /
Kristur, lát þinn kærleik / kveikja þitt líf oss hjá.

4. Stundum verður vetur / veröld hjartans í. /
Láttu fræ þín lifa, / ljóssins Guð, í því. /
Gef oss þitt sumar / sólu þinni frá. /
Kristur, kom og sigra, / kom þú og ver oss hjá.

8. Á hendur fel þú honum



Á hend-ur fel þú hon - um, sem himn-a stýr - ir borg, það
allt, er áttu' í von - um, og allt, er veld - ur sorg. Hann
bylgj - ur get - ur bund - ið og bug - að storm - a her, hann
fót - stig get - ur fund - ið, sem fær sé hand - a þér.

1. Á hendur fel þú honum, / sem himna stýrir borg, /
það allt, er áttu' í vonum, / og allt, er veldur sorg. /
Hann bylgjur getur bundið / og bugað storma her, /
hann fótstig getur fundið, / sem fær sé handa þér.
2. Ef vel þú vilt þér líði, / þín von á Guð sé fest. /
Hann styrkir þig í stríði / og stjórnar öllu best. /
Að sýta sárt og kvíða / á sjálfan þig er hrís. /
Nei, þú skalt biðja' og bíða, / þá blessun Guðs er vís.
3. Ó, þú, minn faðir, þekkir / og það í miskunn sér, /
sem hagsæld minni hnekkir, / og hvað mér gagnlegt er, /
og ráð þitt hæsta hlýtur / að hafa framgang sinn, /
því allt þér einum lýtur / og eflir vilja þinn.
4. Þig vantar hvergi vegi, / þig vantar aldrei mátt, /
þín bjargráð bregðast eigi / til bóta' á einhvern hátt. /
Þitt starf ei nemur staðar, / þín stöðvar engin spor, /
af himni' er þú þér hraðar / með hjálp og líkn til vor.
5. Mín sál, því örugg sértu, / og set á Guð þitt traust. /
Hann man þig, vís þess vertu, / og verndar efalaust. /
Hann mun þig miskunn krýna. / Þú mæðist litla hríð. /
Þér innan skamms mun skína / úr skýjum sólin blíð.

9. Allt sem Guð hefur gefið mér

- Lifandi Guð -

The image shows a musical score for the hymn 'Allt sem Guð hefur gefið mér'. It is written in 3/4 time and consists of six staves of music. The lyrics are written below the notes. The chords are indicated above the notes. The lyrics are: 'Allt sem Guð hefur gefið mér, gróður jarðar, sólar-sýn, heiðan og víðan himininn, af hjarta ég þakka og bið: Lifandi Guð, lifandi Guð, láttu mig finna þig.'

C Am Dm⁷ G⁷
Allt sem Guð hefur gefið mér,

F/A C/G F G⁷
gróður jarðar, sólar-sýn,

F C/E Dm Am
heiðan og víðan himininn, af

Dm G⁷ G^{#o} Am Asus²/G
hjarta ég þakka og bið:

C C/E F C/G
Lifandi Guð, lifandi Guð,


F/A C/G G⁷ C
láttu mig finna þig.

1. Allt sem Guð hefur gefið mér, / gróður jarðar, sólar-sýn,
heiðan og víðan himininn, / af hjarta ég þakka og bið:
Lifandi Guð, lifandi Guð, / láttu mig finna þig.

2. Allt sem Guð hefur að mér rétt / á sinn tíma, ræður för.
Stríðandi öflin steðja að / og stundum ég efast og bið:
Lifandi Guð, lifandi Guð, / láttu mig finna þig.

3. Allt sem Guð hefur á mig lagt / er mér ljúft að glíma við,
taka í sátt og tefla djarft / og treysta um leið og ég bið:
Lifandi Guð, lifandi Guð, / láttu mig finna þig.

10. Nú gjaldi Guði þökk



Nú gjald - i Guð - i þökk hans gjörv-öll barn - a hjörð - in, um
dýrð og há - tign hans ber him - inn vott og jörð - in. Frá
æk - u vorr - i var oss vernd og skjól hans náð, og
allt vort bætt - i böll hans bless - að líkn - ar - ráð.

1. Nú gjaldi Guði þökk / hans gjörvöll barnahjörðin, /
um dýrð og hátign hans / ber himinn vott og jörðin. /
Frá æsku vorri var / oss vernd og skjól hans náð, /
og allt vort bætti böll / hans blessað líknarráð.

2. Vor Guð, sem gjörvallt á, / oss gefi snauðum mönnum /
í hjörtun æðstan auð / af andans gæðum sönnum, /
í náð og sátt við sig / oss seka taki hann /
og leiði loks til sín / í ljóss og dýrðar rann.

3. Guð faðir, þökk sé þér / og þínum dýrsta syni /
og æðstum anda skýrð / af engla' og manna kyni. /
Þitt vald, sem var og er / og verður alla tíð, /
sé heiðrað hátt um jörð / og himin ár og síð.

Sálmafoss 2016

- 1. Mikli Drottinn, dýrð sé þér:**
Franz 1768 (Te Deum) - Friðrik Friðriksson / Lüneburg 1668 / Vín um 1776
- 2. Líður að dögum:** Eleanor Farjeon - Sigríður Guðmarsdóttir / Gelískt þjóðlag
- 3. Er ég leitaði vinar:** Kristján Valur Ingólfsson / S. Carter
- 4. Megi gæfan þig geyma:** Bjarni Stefán Koráðsson / Lag frá Írlandi
- 5. Þótt líkaminn falli að foldu:**
Prudentius - Sigurbjörn Einarsson / Sigurður Sævarsson
- 6. Þú mikli Guð:** Frostenson - Sigurbjörn Einarsson / Hollenskt lag
- 7. Fræ í frosti sefur:**
Ensukur sálmur - Frostenson - Sigurbjörn Einarsson / Franskt lag
- 8. Á hendur fel þú honum:** Gerhardt - Björn Halldórsson / Sigvaldi Kaldalóns
- 9. Allt sem Guð hefur gefið mér:**
Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson / Sigurður Flosason
- 10. Nú gjaldi Guði þökk:** Rinckart - Helgi Hálfðánarson / Johann Crüger 1647

Dagskrárstjóri er Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar kynnrir sálma og stýrir almennum söng.

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prestur Hallgrímskirkju og **Inga Rós Ingólfssdóttir** framkvæmdastjóri Listvinafélags Hallgrímskirkju kynna dagskrána.

Björn Steinar Sólbergsson organisti Hallgrímskirkju leikur undir almennan söng.

Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju:

Hörður Áskelsson listrænn stjórnandi, Sigurður Sævarsson formaður, Jóhannes Pálmason, Rósa Gísladóttir, Sveinn Yngvi Egilsson, Ævar Kjartansson.
Varastjórn: Benedikt Ingólfsson og Þórhallur Vilhljálmsson.

Þakkir fá: Landsbankinn, Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður Menntamálaráðuneytisins, Hallgrímskirkja, Litróf, Hafsteinn Sv. Hafsteinnsson, Arngerður María Árnadóttir, Hörður Áskelsson, Margrét Bóasdóttir og allir aðstandendur og flytjendur á Sálmafossi.





Velkomin á kaffihús

Kaffihús til styrktar Listvinafélaginu er opið í suðursal kirkjunnar frá kl. 14.
Á boðstólnum eru ilmandi vöflur og annað góðgæti og kaffi
borið fram í hinum rómuðu antikbollum Listvinafélagsins.

Verið innilega velkomin!

hallgrimskirkja.is
listvinafelag.is